

07. jan. 2016

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7,
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. janúar 2016
UST201502-138/E.D.K.
08.14.02

Álagning dagsekta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 23. september 2015 þar sem boðuð var álagning dagsekta, að upphæð kr. 50.000 á dag, á GMR Endurvinnsluna ehf. vegna frávíks frá starfsleyfi. Frávikið sem um ræðir varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila á Grundartanga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frávikið varðar gr. 2.4 í starfsleyfi og kom fram við reglubundið eftirlit þann 5. nóvember 2014.

Þann 24. september sl. barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila og var hún samþykkt af Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. september sl. Í áætlun rekstraraðila var settur fram tímarammi sem miðaði að því að það tæki 10 vikur að hanna, framleiða og setja upp búnað til að bæta virkni útsogskerfisins og þar með bæta úr því vandamáli sem frávikið snýst um. Umhverfisstofnun samþykkti þessa áætlun og frestaði álagningu dagsekta til 7. desember sl.

Þann 14. desember barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá rekstraraðila með skjali með fyrirsögninni *athugasemdir við eftirlitsskýrslu*. Í skjalinu kemur fram að verktaki hafi verið ráðinn til að annast hönnun og uppsetningu reyk tjalda en ekki hafi verið hægt að klára framkvæmdirnar fyrir 7. desember. Þá er farið fram á að frestur til úrbóta verði framlengdur til 15. apríl, í samræmi við tímaáætlun verktakans. Umhverfisstofnun hafnar að veita umbeðinn frest. Frávikið sem um ræðir kom fram við eftirlit fyrir rúmu ári síðan, eða 5. nóvember 2014, og fyrsta viðleitni rekstraraðila til raunverulegra úrbóta var 24. september 2015, sem var daginn eftir að Umhverfisstofnun tók ákvörðun um álagningu dagsekta. Þá varð Umhverfisstofnun við beiðni rekstraraðila og frestaði álagningu dagsekta um 10 vikur og í því bréfi, sem er dags. 25. september sl., kemur fram að úrbótum skuli vera lokið 7. desember 2015. Þegar sá tími var liðinn var ljóst að úrbætur höfðu ekki verið framkvæmdar, sbr. upplýsingar frá rekstraraðila sem bárust í tölvupósti 14. desember sl. Umhverfisstofnun telur brýnt að úrbætur verði gerðar sem fyrst og telur að frekari frestun dagsekta verði eingöngu til þess að úrbætur tefjist enn frekar.


Umhverfisstofnun leggur dagsektir á GMR Endurvinnsluna ehf. að upphæð kr. 50.000 á dag vegna frávíks sem varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila á Grundartanga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 13. janúar 2016 og þar til staðfesting á fullnægjandi úrbótum hefur borist stofnuninni.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur